

# Áveitan

3. tbl. 4. árgangur. Mars 2010

## Héraðsþing HSK

Héraðsþing HSK verður haldið í Þingborg laugardaginn 13. mars n.k. Það er sveitarfélagið Flóahreppur sem býður til þingsins sem er 100 ára afmælisþing sambandsins, en það var stofnað í Hjálmholti í Hraungerðishreppi á vordögum árið 1910. Búist er við rúmlega 100 þingfulltrúum og gestum í Þingborg þennan dag.

## Leiklistarnámskeið

Leikdeild Umf. Vöku ætlar að standa fyrir leiklistarnámskeiði fyrir krakka fædda á árunum 1994-1997. Námskeiðið verður haldið í Þjórsárverri 21. mars kl 10:30-15:00. Á námskeiðinu verður farið í framsögn, förðun, líkamstjáningu, spuna og ýmsar aðrar skemmtilegar æfingar sem auka færni á leiksviðinu. Námskeiðið kostar 1500 kr og er þar innifalinn hádegismatur. Skráning er hjá Guðmundu í síma 846-9775. Námskeiðið er opið fyrir alla krakka á þessum aldri, sama í hvaða félagi þeir eru. Látið ekki þetta góða tækfæri fram hjá ykkur fara.

Stjórn Leikdeildar Umf. Vöku



## Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélagin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason  
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson  
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir  
fanneyo@emax.is

### Frá Sveitarstjóra

#### **Aðalskipulag Flóahrepps**

Samkvæmt erindi Umhverfiráðuneytis dags. 29. janúar 2010 um aðalskipulag Flóahrepps 2006-2018 telur ráðuneytið að synja beri staðfestingu á þeim hluta aðalskipulags Flóahrepps er varðar Urriðafossvirkjun. Einnig kom fram í erindi að í ljósi meðalhóffssjónarmiða verði aðrir hlutar aðalskipulagsins staðfestir þegar sveitarstjórn hefur sent ráðneytinu nýja skipulagsupprætti, útfærða í samræmi við framangreinda ákvörðun um að synja þeim hluta aðalskipulagsins staðfestingar er varðar Urriðafossvirkjun.

Sveitarstjórn Flóahrepps lýsti undrun sinni á synjun umhverfiráðherra á staðfestingu aðalskipulagsins og bókaði að hún teldi að rétt hafi verið staðið að gerð og samþykkt þess. Í ljósi þeirra röksemda sem ráðherra byggir synjun sína á vakna spurningar um hvort öll sveitarfélög á landinu sitji við sama borð þegar kemur að skipulagsmálum. Lengi hefur tíðkast að sveitarfélög víða um land hafi haft þann háttinn á að láta aðila sem óska eftir breytingum á deiliskipulagi og aðalskipulagi bera hluta af kostnaði sem hlýst af skipulagsvinnunni. Hefur þetta fram til þessa verið talið heimilt og ekki verið gerðar athugasemdir af hálfu ráðherra. Þá gerði sveitarstjórn alvarlegar athugasemdir við málsmeðferð ráðherra. Bæði tók málið mjög langan tíma hjá ráðherra auk þess sem sveitarstjórn var ekki kynnt bréf og gögn frá aðilum, sem vísað er til í ákvörðun ráðherra en þetta eru bréf og gögn sem bárust ráðuneytinu eftir að lögformlegum athugasemdafresti var lokið.

Sveitarstjórn ákvað síðan á fundi 18. febrúar s.l. að hefja feril aðalskipulagsgerðar fyrir Flóahrepp í fyrrum Villingaholtshreppi að nýju samkv. 16.-19. gr. skipulags- og byggingarlaga.

#### **Vatnsmál**

Enn eru áform um vatnsöflun í uppnámi, nú vegna niðurstöðu umhverfiráðherra um aðalskipulag í Flóahreppi.

Samkvæmt samningi milli Flóahrepps og Landsvirkjunar var það liður í mót-vægisáðgerðum að Landsvirkjun myndi kosta lögn nýrrar aðveitu vatnsveitu sveitarfélagsins og tryggja nægilega miðlun. Með synjun ráðherra er sveitarstjórn ekki gert kleift að standa við sinn hlut sammings, þ.e. staðfestingu á aðalskipulagi.

Drög voru komin að samningi milli Árborgar og Flóahrepps um samvinnu í

vatnsmálum og leitað verður leiða til að vinna að honum áfram þó framkvæmdum verði áfangaskipt meir heldur en reiknað var með.

Lögð hefur verið áhersla á það að gera ráðstafanir til langrar framtíðar en ekki að horfa á skammtímalausnir í þessu sambandi.

Þó ber að nefna að sveitarstjórn mun leita allra leiða til að hraða vatnsframkvæmdum þannig að einhver lausn fái í málið fyrir sumarið.

### **Þriggja ára fjárhagsáætlun 2011-2013**

Þriggja ára fjárhagsáætlun Flóahrepps 2011-2013 var samþykkt samhljóða á fundi sveitarstjórnar 3. febrúar s.l.

Áætlun gerir ráð fyrir óbreyttum skatttekjum á tímabilinu og óbreyttum öðrum tekjum miðað við fjárhagsáætlun 2010.

Gert er ráð fyrir að kennsla eldri deilda flytjist úr Vallaskóla í Flóaskóla á tímabilinu og er gert ráð fyrir auknum launakostnaði og rekstrarkostnaði vegna þeirra breytinga.

Rekstur annarra málaflokka og sjóða er óbreyttur miðað við fjárhagsáætlun 2010.

Áætlun er á föstu verðlagi en gert ráð fyrir 3% verðlagsbreytingu á verðtryggð lán og langtímakröfur. Einnig er gert ráð fyrir 7% vöxtum á handbært fé á tímabilinu.

Íbúafjöldi er hafður óbreyttur á tímabilinu og ekki er gert ráð fyrir lántökum.

### **Framkvæmdir við Flóaskóla**

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti hefur samþykkt kostnaðarþátttöku Jöfnunarsjóðs í I. áfanga framkvæmdar við Flóaskóla sem nemur 46,4% af áætluðum heildarkostnaði verksins.

Í erindi kemur fram að ekki hafi verið tekin ákvörðun um kostnaðarþátttöku í II. áfanga verksins en unnið verður að því að fá samþykki fyrir þátttöku kostnaðar við heildarframkvæmd viðbyggingar.

### **Landbótaáætlun**

Sveitarstjórn Flóahrepps hefur staðfest fyrir sitt leyti, samkomulag um landbótaáætlun fyrir Flóa- og Skeiðamannafrétt 2010-2014.

Áætlunin var unnin af stjórn Afréttarmálafélags Flóa- og Skeiða í samvinnu við sauðfjárbændur. Markmið áætlunar er að beitarnýting afrétta verði sjálfbær og að unnið verði bæði með landbótum á afréttinum og beitarstjórnun svo og að stuðla að því að þeir sem nýta afréttinn til sauðfjárbeitar njóti greiðslna sbr. lög99/1993.

### **Fálkaorðuhafi**

Sveitarstjórn Flóahrepps bókaði á fundi 3. febrúar s.l. hamingjuóskir til listakonunnar Siggu á Grund, Sigríðar Jónu Kristjánsdóttur, en hún var sæmd

heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu 1. janúar s.l. fyrir framlag sitt til þjóðlegrar listar. Sigga er verðugur handhafi fálkaorðunnar en hún hefur sinnt einstakri listsköpun sinni frá unga aldri. Verk hennar eru mikils metin og hún hefur haldið sýningar á gripum sínum sem verið hafa verið mjög eftirsóttir.

### **Samþykktir um stjórn og fundarsköp Flóahrepps**

Sveitarstjórn hefur samþykkt breytingar á samþykktum um stjórn og fundarsköp í Flóahreppi. Helstu breytingar eru þær að sveitarstjórn Flóahrepps verður skipuð fimm aðilum í stað sjö eftir næstu sveitarstjórnarkosningar. Einnig eru nokkrar breytingar á ýmsum nefndum, ráðum, stjórnnum og embættum til samræmis við breytingar sem orðið hafa frá því að samþykktir voru gerðar 2007.

### **Styrkir vegna framboðsmála í Flóahreppi**

Á fundi sveitarstjórnar Flóahrepps 18. febrúar s.l. var samþykkt að veita styrki til löglegra framboða vegna næstu sveitarstjórnarkosninga, kr. 70.000 hvert. Einnig fá framboðslistarnir félagsheimili sveitarfélagsins endurgjaldslaus fyrir íbúafundi til kynningar á sínum málefnum. Pantanir á húsum skulu gerðar hjá viðkomandi húsvörðum.

### **Auglýsingar:**

#### **FRAMLAGNING KJÖRSKRÁR FYRIR FLÓAHREPP VEGNA ÞJÓÐARATKVÆÐAGREIÐSLU 6. MARS 2010**

Sveitarstjórn Flóahrepps auglýsir að kjörskrá vegna þjóðaratkvæðagreiðslu 6. mars 2010 liggur frammi á skrifstofu sveitarfélagsins í Þingborg, 26. febrúar – 4. mars frá kl. 9:00-16:00 og 5. mars frá kl. 9:00-13:00.

Sveitarstjóri

#### **ÞJÓÐARATKVÆÐAGREIÐSLA Í FLÓAHREPPI**

Samkvæmt lögum nr. 4/2010 verður þjóðaratkvæðagreiðsla um gildi laga nr. 1/2010 haldin í Félagslundi 6. mars 2010 frá kl. 10:00-22:00.

Kjósendur eru minntir á að taka með sér persónuskilríki

Kjörstjórn Flóahrepps

#### **STÆKKUN FLÓASKÓLA**

##### **Lokafrágangur.**

Flóahreppur auglýsir eftir verðhugmyndum frá áhugasömum byggingaverktökum í lokafrágang viðbyggingar Flóaskóla.

Um er að ræða staðsteypt kennsluhúsnæði á 2 hæðum ásamt tengibyggingu á 1 hæð, samtals 1134 m<sup>2</sup>, fullbúið að utan, fokhelt að innan.

Verkið felur m.a. í sér: Útvegum, uppsetningu og frágang milliveggja, 2ja felli-

veggja, hurða, loftaklæðninga, pípulagna, hitunartækja, hreinlætistækja, loft-ræstikerfis, flotun gólfa, dúkalagnir, flísalagnir, sandspörtun, spörtun/málningu, veggja ofl.

Verktaki ber ábyrgð á að allir verkþættir séu framkvæmdir af fagaðilum og unnir í samræmi við ákvæði gildandi laga, reglugerða og staðla sem eiga við um slíka framkvæmd.

Rafverktaki hefur verið ráðinn að verkinu.

Áætlað er að húsið verði tilbúið til notkunar eigi síðar en 20. ágúst 2010.

Óskað er eftir hugmyndum um heildarverð verksins og skiptingu efnisliðar og vinnuliðar.

Gögn: Aðaluppdrættir frá M2 teiknistofu Selfossi og lagnateikningar frá Ferli verkfræðistofu verða send áhugasömum aðilum í tölvupósti. Óskir um gögn sendist á netfangið **[floahreppur@floahreppur.is](mailto:floahreppur@floahreppur.is)**

**Verðhugmyndum skal skilað á skrifstofu Flóahrepps eða í tölvupósti á netfangið [floahreppur@floahreppur.is](mailto:floahreppur@floahreppur.is) eigi síðar en mánudaginn 8. mars kl.16.00.**

Ekki verður greitt fyrir innsendar verðhugmyndir.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að taka eða hafna einstökum efnisliðum.

Verkaupi áskilur sér rétt til að taka hvaða verðhugmynd sem er eða hafna öllum.

Farið verður með allar verðhugmyndir sem trúnaðarmál.

Áhugasamir eru hvattir til að kynna sér aðstæður á staðnum.

Allar nánari upplýsingar á skrifstofu Flóahrepps.

Flóahreppur

Pingborg

801 Selfoss

Sími 480 4370 gsm. 846 0092

## Gjöld

Álagningaseðlar ættu að hafa borist eigendum fasteigna í Flóahreppi en eindagi fyrstu greiðslu er 1. apríl. Álagningu var ekki breytt frá síðasta ári utan sorpgjalda en þau hækkuðu vegna aukins kostnaðar þar sem sorpurðunarstað Sunnlendinga hefur nú verið lokað og sorp sem fer til urðunar er keyrt í Álfsnes á Kjalarnesi.

Leikskólajöld í Krakkaborg taka breytingum í febrúar ár hvert samkvæmt vísitölu neysluverðs. Árið 2009 var hækkun umtalsverð vegna þróunar neysluverðsvísitölu þannig að sveitarstjórn ákvað að fresta helming af áætl- aðri hækkun og verður hún ekki sett inn í gjöldin. Þess í stað var tekin ákv- örðun um ýmsar aðgerðir til sparnaðar s.s. að fella starfsmannafundi leik- skóla inn í dagvinnutíma starfsmanna.

Breyting leikskólagjalda fyrir árið 2010 hefur átt sér stað og munu gjöld fyrir börn sem eru alla daga vikunnar í átta klukkustundir með fullu fæði hækka um 839 kr. á mánuði. Það er alltaf leiðinlegt að hækka gjöld, sérstaklega á þessum tímum og er reynt að stemma stigu við því. Þetta er þó ekki mikil hækkun miðað við hækkun á öllum aðföngum s.s. matvörum, hreinlætisvörum o.þ.h.

Fæðiskostnaður í Flóaskóla og skólavistun taka breytingum tvisar á ári, í nóvember og febrúar, samkvæmt vísitölu neysluverðs. Fæðiskostnaður er nú 265 kr. pr/dag en innifalið í því eru ávextir í morgunhressingu, máltíð í hádeginu og mjólk. Skólavistun kostar 442 kr. pr/dag og innifalið í því er vistun frá skólalokum til kl. 17:00 ásamt síðdegishressingu.

## **Íbúafundur um skólamál**

### **Skólaráð Flóaskóla minnir á opinn íbúafundur um málefni Flóaskóla og mótun skólstarfsins til framtíðar.**

Íbúafundurinn verður haldinn í Flóaskóla fimmtudagskvöldið 4. mars kl. 20:30-22:30. Íbúar eru beðnir um að íhuga neðangreind efni og taka virkan þátt í hópumræðum á fundinum.

- Hvaða áherslur vilt þú sjá í skólstarfinu í Flóaskóla?
- Hvernig er best hægt að tengja skólstarfið við samfélagið?
- Hvaða þætti finnst þér mikilvægt að skoða þegar unnið er að skipulagi tómtunda og félagslífs fyrir unglingadeild Flóaskóla?
- Hvaða námsefni ætti að bjóða sem val í elstu bekkjum skólans?
- Á hvaða hátt getur skóli eins og Flóaskóla myndað sér sérstöðu?
- Annað sem þú vilt koma á framfæri?

Skólaráð óskar eftir þátttöku samfélagsins alls við mótun hugmynda um uppbyggingu starfsins í Flóaskóla til framtíðar. Skólinn stendur á tímamótum nú þegar unglingadeild hefur verið stofnuð við skólann og nemendum og starfsfólki hefur fjölgað. Okkur langar til að fá umræðu um draumsýn okkar allra um skólann. Skólinn er hornsteinn samfélagsins - skoðanir og hugmyndir okkar allra skipta máli.

Kaffi á könnunni!

Skólaráð Flóaskóla.

## **Frá Umf. Vöku:**

### **Skautafeið**

var áætluð fimmtudaginn 25. febrúar sl. en vegna veðurs varð að fresta henni. Búið er að ákveða að fara í staðin fimmtudaginn 11. mars. Brottför verður frá Þjórsárveri kl 17:00 og áætluð heimkoma er kl 20:30. Aðgangur í höllina og skautaleiga kostar 700 krónur og ungmennafélagið sér um að borga rútuna. Krakkar yngri en 12 ára verða að vera í fylgd með full-orðnum. Tilkynnið þátttöku í síðasta lagi þriðjudaginn 9. mars til Guðmundu í síma 846-9775. Þeir sem voru búnir að skrá sig í ferðina sem hætt var við þurfa ekki að skrá sig aftur, en þurfa að afboða sig ef þeir ætla ekki með. Alls voru um 30 manns búnir að skrá sig.

### **Páskabingó**

Laugardagskvöldið 3. apríl verður páskabingó ungmennafélagsins haldið í Þjórsárveri. Mörg vegleg egg í boði og mikil skemmtun. Bingóið byrjar kl 20:30 og kostar spjaldið 500 kr.

Nú er tækifærið til að þjálfa bingó vöðvann og mæta sterkur til leiks. Hlökkum til að sjá ykkur.

Skemmtinefnd

### **Innanhúsmót Vöku**

Innanhúsmót Umf. Vöku verður haldið laugardaginn 13. mars. Mótið hefst stundvíslega kl 14:00.

Að venju er keppt í langstökki án atr., þristökki án atr. og kúluvarpi.  
Íþróttanefndin.

### **Úrslit**

#### **Meistaramót Íslands 6.-7. febrúar**

Þristökk karla

5. Bjarni Már Ólafsson 12,78 m.

60m. hlaup karla

6. Haraldur Einarsson 07,31 sek.

200 m hlaup karla

8. Haraldur Einarsson 23,15 sek.

Langstökk karla

5. Haraldur Einarsson 6,18 m.

## MÍ 15-22 ára 30.-31. janúar

Langstökk

7. Bjarni Már Ólafsson 05,86 m.

60 m hlaup. (undanrásir)

11. Bjarni Már Ólafsson 07,68 sek

Prístökk

2. Bjarni Már Ólafsson 13,01 m

60 m. grind úrslit

4. Bjarni Már Ólafsson 10,18 sek

### Messa í Gaulverjabæjarkirkju

Messa í Gaulverjabæjarkirkju sunnudaginn 7. mars kl. 14.  
Barnakór frá Selfossi undir stjórn Edith Molnar syngur að messu lokinni  
nokkur lög. Á efnisskrá kórsins eru m.a. lög eftir Pálmar Þ. Eyjólfsson.

Sóknarprestur

### Fréttatilkynning frá Brandshúsum 4

Ágætu íbúar í Flóahreppi! Ég hef ég verið með smá fréttapistla á  
Útvarpi Suðurlands FM 963 á fimmtudagsmorgnum kl 11, í rúmlega  
eitt

ár og sagt frá mönnum og málefnum. Ef það er eitthvað sem þið viljið  
koma á framfæri, viðburðir eða eitthvað annað þá er ég með  
netfangið: [icegordon@gmail.com](mailto:icegordon@gmail.com)

Er með hvítar dúfur sem ég er að leigja við allskonar tækifæri td  
brúðkaup, fermingar og  
allskonar athafnir og uppákomur nú er um að gera að panta fyrir  
sumarið.

Með bestu kveðjum  
Ragnar Sigurjónsson --



## *Frá Flóaskóla*

Nemendum Flóaskóla hefur fjölgað um 10% frá áramótum og eru nú 77 talsins. Það er óneitanlega farið að þrengja að okkur enda var bekkurinn þéttsetinn fyrir. Nú bíðum við spennt eftir að taka nýbygginu skólans í notkun en ný og rúmbetri aðstaða mun skipta verulegu máli fyrir nemendur og starfsfólk.

Upplestrarkeppni Flóaskóla verður haldin 3. mars kl. 12:35 en hún er undankeppni fyrir Stóru upplestrarkeppnina. Þar keppa 7. bekkingar sín á milli um sæti þeirra tveggja fulltrúa sem munu koma fram fyrir hönd skólans í stóru keppninni. Að þessu sinni fellur það í hlut Flóaskóla að sjá um Stóru upplestrarkeppnina fyrir okkar svæði og verður hún haldin í Félagslundum þann 17. mars nk.

Nemendur í 1.-4. bekk ætla að fara í Þingborg að morgni 3. mars og horfa á brúðuleikrit um Pétur og úlfinn með vinum sínum úr Krakkaborg. Það er Bernd Ogrodnik sem setur upp þessa brúðuleiksýningu þar sem tónlist Sergei Prokofiev er birt myndrænt með aðstoð handútskorinna leikbrúða sem Bernd stjórnar af sinni alkunnu snilld. Sýningin var tilnefnd til Grímunnar sem barnaleiksýning ársins 2009.

Undirbúningur fyrir árshátíð skólans er að hefjast. Við stefnum á að setja upp söngleik með nemendum og sýna hann að kvöldi 26. mars en það er síðasti kennsludagur fyrir páskaaleyfi. Fljótlega verður tilkynnt hvar árshátíðin verður haldin og hvaða fyrirkomulag verður á sýningunni en eftir því sem fjölgar í skólanum verður erfiðara að ná öllum nemendum og foreldrum þeirra saman í eitt hús.

Undirbúningur næsta skólaárs er nú kominn á fullt og verða lausar stöður við skólann auglýstar fljótlega. Skóladagatal er í vinnslu og verður reynt eftir fremsta megni að samræma það við skólana í Árborg og leikskólann Krakka-borg. Námskrárvinna er hafin og leggjum við sérstaka áherslu á 9. bekk í þeirri vinnu en honum verður kennt við skólann í fyrsta sinn næsta haust.

Nemendur í 8. bekk hafa farið heim með könnun á áhugasviði þeirra vegna hugsanlegra valgreina í 9. bekk á næsta skólaári. Reynt verður að miða valgreinarnar við áhugasvið nemenda og þær skipulagðar í samvinnu við þá aðila sem kenna hverja valgrein. Við höfum stuðst við skipulag annarra skóla við undirbúningsvinnuna auk þess að horfa til þess grunnskipulags sem kveðið er á um í grunnskólalögum og aðalnámskrá.

7. og 8. bekkingar fengu nýverið heimsókn frá jafnöldrum sínum í Grunnskólanum Ljósaborg í Grímsnes- og Grafningshreppi og skemmtu þeir sér vel saman. Við eigum von á að þessir nágrannar okkar endurgjaldi heimboðið nú á vordögum og virðast krakkarnir spenntir fyrir því að eignast nýja vini og skemmta sér með nemendum úr öðrum skólum.

Íbúar Flóahrepps eru hvattir til að mæta á opinn fund skólaráðs um málefni skólans þann 4. mars kl. 20:30 í Flóaskóla (sjá auglýsingu hér á síðum Áveitunnar).

Bestu kveðjur frá Flóaskóla, Kristín Sigurðardóttir skólastjóri.  
kristin@floahreppur.is , gsm 663-5720.

### Héraðsmót HSK-úrslit

Haldið í Laugardalshöll dagana 12. og 19. janúar 2010. Þjótandi sendi lið á mótið sem hafnaði í 3. sæti með 94 stig.

Bjarni Már Ólafsson	'91	Hástökk	1,70 m	5. sæti
		60 m hlaup	7,62 sek	3. sæti
		Langstökk	5,80 m	4. sæti
Haraldur Einarsson	'87	60 m hlaup	7,46 sek	1. sæti
		Langstökk	6,23 m	1. sæti Vökumet
Helga Björg Helgadóttir	'87	60 m hlaup	9,22 sek	7. sæti
		Langstökk	3,85 m	7. sæti
		Kúluvarp	7,66 m	6. sæti
Rúnar Hjálmarsson	'87	Hástökk	1,70 m	4. sæti
		60 m hlaup	8,15 sek	7. sæti
		Kúluvarp 7,26 kg	10,59 m	4. sæti
		Langstökk	5,13 m	8. sæti
Tómas Karl Guðsteinsson	'90	60 m hlaup	8,19 sek	8. sæti
		Langstökk	5,24 m	7. sæti
		800 m hlaup	2:49,62 mín	4. sæti
Halldóra Markúsdóttir	'87	60 m hlaup	9,38 sek	8. sæti
		Langstökk	3,85 m	6. sæti
		Þristökk	8,62 m	7. sæti
Stefán Geirsson	'81	Kúluvarp	11,91 m	3. sæti
Ingibjörg Markúsdóttir	'85	Kúluvarp	8,43 m	5. sæti
		60 m grind.	12,69 sek	6. sæti
		Þristökk	8,44 m	8. sæti
Daniel Másson	'85	800 m hlaup	2:24,71 mín	1. sæti
		Þristökk	10,30 m	5. sæti
		200 m hlaup	27,05 sek	3. sæti
Markús Ívarsson	'47	200 m hlaup	34,98 sek	5. sæti
Sveit Þjótanda		4x200 m boðhlaup	1:40,79 mín	1. s. HSKmet

*Haraldur, Tómas,  
Bjarni Már og Kristinn*

## Pistillinn

Jæja ekki þýðir að skorast undan áskorunninni, þótt ég sé nú meira fyrir að tala en að skrifa.

Þá er það bara spurning um hvað ég á eiginlega að skrifa? Ekki ætla ég að skrifa um bleika akra, Framsóknarflokkinn, ESB, Icesave eða önnur umdeild mál þar sem ég hef ekki miklar skoðanir á þeim málefnum og enn minna vit. Ætla ég frekar að rifja upp gömlu góðu dagana þegar alltaf var sól og blíða. Er mér minnisstætt eitt sinn, ég held ég hafi verið svona 6-7 ára gömul, að barnahestarnir okkar sluppu út. Þeir voru alltaf hafðir í sér girðingu sem er í daglegu tali kölluð Litlahestagirðingin. Hafði ég til afnota þetta sumarið brúnan eðalgæðing ættaðan úr Landeyjunum. Brúnn þessi bjó sjálfsagt yfir miklum kostum en mig rekur minni til að það hafi þó ekki verið reiðhestahæfileikar!

Starf okkar systra var að reka kýrnar í hagann, kvölds og morgna og fengum við til þess úthlutað einum reiðskjóta hver. Brúnn minn var kallaður Litli-Brúnn. Hann hafði þann ávana að tolla illa innan girðingar og laumaðist í nálægt tún á hverri nóttu. Var því brugðið á það ráð að hafa litla-Brún bundinn í dekk í girðingunni. Ekki lét klárinn það aftra sér, sá við okkur, feldi girðinguna niður og hleypti hinum út líka. Nú voru góð ráð dýr, því ekki sást tangur né tetur af hrossunum.

Hlupum við Brynhildur systir upp í kletta til að skyggjast eftir þeim og sáum þá eins langt í burt og möguleiki var. Kappið var svo mikið að ná í hestana að við stukkum strax af stað, beislislausar. Rákum við svo hestana af stað heim. Þá var nú sárt að horfa á eftir þeim, mikið langaði okkur að sitja í dekkinu á honum Litla-brún heim! Við báðar litlar og með stutta þreytta fætur. Árni frændi var hálf hissa á þessum frænkum sínum, af hverju við höfðum ekki hoppað á bak og riðið heim þótt við værum beislislausar, hrossin hefðu hvort sem er stoppað við hesthúsdýrnar. En við stóðum fastar á því að það var alveg bannað að fara hjálmlausar á bak!! Af hverju við héldum að okkur væri óhættara að sitja í dekki sem skoppaðist út um allan veg veit ég ekki.

Sennilega vorum við heppnar að ná ekki klárnum, við vorum allavegana vanar að ríða berbakt og oft án beislis. En aldrei án hjálms:)

Jæja ætli þetta sé ekki bara gott að sinni, skora á jafnaldra minn, ferminga-bróðir og félagar, Davíð Inga frá Litla-Ármóti.

Lifið heil

Elín á Brúnastöðum

## Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:

### Aðalfundur

Aðalfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps verður haldinn sunnudagskvöldið 14. mars nk. í Þjórsárveri kl. 20:30.

Venjulega aðalfundarstörf. Kosning formanns. Mætum vel og verum virkar í að ræða starfið framundan.

Kaffikonur: Christiane Grossklaus, Elfa Kristinsdóttir, Elín B. Sveinsdóttir og Eydís Eiríksdóttir.

Stjórnin

### Fræðslukvöld um matjurtaræktun

Kvenfélag Villingaholtshrepps stendur fyrir fræðslukvöldi um matjurtaræktun fimmtudagskvöldið 11. mars kl. 20:30 í Þjórsárveri. Gestir fundarins verða Hafsteinn Hafliðason garðyrkjumaður og Valgerður Auðunsdóttir á Húsatóftum, og munu þau miðla af reynslu sinni og svara spurningum.

Heitt verður á könnunni. *Allt áhugafólk um matjurtaræktun er velkomið.*

### Nýtt framboð í Flóahreppi

Um miðjan febrúar var haldinn fundur hjá áhugafólki um bætt samfélag í Flóahreppi. Ágætis umræður fóru fram um líðandi kjörtímabil og framtíðina og var ákveðið í lokin að stefna að nýju framboði í sveitarfélaginu.

**Nú er boðað til fundar þar sem þessi mál verða rætt nánar og verður fundurinn haldinn í Þingborg miðvikudaginn 10. mars nk. kl. 20:30. Fundarstjóri verður Gestur Kristinsson í Gaulverjaskóla.**

Við hvetjum sem flesta til að mæta og leggja þessu máli lið.

Kveðja.

Áhugafólk um bætt samfélag í Flóahreppi.

## **Frá Kvenfélagi Gaulverjabæjarhrepps**

### **Aðalfundur!**

Aðalfundur Kvenfélags Gaulverjabæjarhrepps verður í Félagslundum þriðjudagskvöldið 23. mars 2010 og hefst kl. 20.30. Dagskrá fundarins er venjuleg aðalfundarstörf. Kosið verður um gjaldkera og gefur Guðbjörg í Vorsabæjarhjáleigu ekki kost á sér áfram.

Þessar konur eiga að sjá um kaffi á fundinum: Gerður í Hamarskoti, Oddný í Brandshúsum, Margrét í Gegnishólparti, Guðrún í Hólshúsum og Rannveig í Hófgerði.

Nýir félagar velkomnir.

Stjórnin.

## **Kornræktarbændur og áhugamenn um kornrækt**

Aðalfundur Flóakorns ehf. verður haldinn í Þjórsárveri miðvikudagskvöldið 24. mars kl. 21:00. Nánar auglýst í aðalfundarboði. Athugið að taka kvöldið frá

Stjórn Flóakorns

## **Frá Hrossaræktarfélagi Hraungerðishrepps**

Hrossaræktarfélag Hraungerðishrepps ætlar að fara í skemmti- og menningarferð laugardaginn 13. mars. Farið verður í Austurás, Hóla og Hólaborg. Fyrirhugað er að leggja af stað kl. 10. Þeir sem hafa áhuga á að koma með hafi samband í síma 482-1032 eða 899-5494 (Ágúst Ingi)

Stjórnin

## **Aðalfundur Hrossaræktarfélags Villingaholtshrepps**

Aðalfundur Hrossaræktarfélags Villingaholtshrepps verður haldinn í Þjórsárveri fimmtudaginn 25. mars kl. 20:30. Venjuleg aðalfundarstörf. Lagabreytingar.

Nýir félagar velkomnir.

Stjórnin

## Skjaldarglíma Skarphéðins 100 ára Samhygð sigraði tvöfalt

86. Skjaldarglíma Skarphéðins fór fram að Laugarvatni 20. febrúar síðastliðinn. Í tilefni þess að heil öld er liðin frá því fyrsta skjaldarglíman fór fram á Þjorsártúni sumarið 1910 var eldri skjaldarhöfum boðið og voru margir þeirra viðstaddir. Þarna fór fram keppni sjö yngri flokka ásamt skjaldarglímum bæði karla og kvenna. Keppendur voru 46 talsins frá sjö félögum.

Hápunktur mótsins var sjálf skjaldarglíman en þar mættu til leiks sex glímugarpar með Ólaf Sigurðsson Laugdælum og Stefán Geirsson Samhygð fremsta í flokki. Báðir eru meðal sterkustu glímumanna landsins, Ólafur þrefaldur skjaldarhafi en Stefán hafði sex sinnum borið skjöldinn á undanförnum 11 árum. Úrslitaglíma þeirra var löng, tvísýn og spennandi. Báðir glímdu af varfærni en sífellt viðbúnir í sókn og vörn. Um síðir náði Stefán Ólafi upp í sitt fræga vinstri fótar klofbragð og lagði hann hreinni byltu. Aðrir keppendur stóðu lítt fyrir Stefáni og lagði hann flesta á fyrsta bragði hátt og glæsilega. Svipað var að segja um Ólaf sem varð annar enda standa þessir hávöxnu, stæltu garpar nú á hátindi ferils síns.

Það var vel við hæfi að einn af glímuköppum Samhygðar, Sigurður Steindórsson frá Haugi, afhenti köppunum verðlaun sín og krýndi skjaldarhafann. Sigurður er sigursælasti glímumaður skjaldarglímunnar frá upphafi en hann sigraði samfleytt tíu sinnum í röð árin 1961 til 1970.

Í 9. skjaldarglímu Bergþóru var líka talsverð spenna enda ljóst að nýr skjaldarhafi yrði krýndur því enginn af fyrri skjaldarhöfum var viðstaddur. Samhygð átti fjóra keppendur af fimm og hlutskörpust varð hin geysisterka glímukona Marín Laufey Davíðsdóttir sem er aðeins 14 ára gömul og langyngst skjaldarhafa. Úrslitaglíman var á milli hennar og Hugrúnar Geirsdóttur sem glímdu af mikilli snerpu en féll fyrir hinni öfluglu sniðglímu Marínar. Í þriðja sæti var Halldóra Markúsdóttir sem glímdu af mikilli lipurð að vanda. Ingibjörg Markúsdóttir meiddist á olnboga og gat ekki lokið glímuni. Allar kepptu þær fyrir Samhygð.

Af öðrum keppendum Flóans mætti nefna að Marín sigraði einnig í meyjaflokki og Guðrún Inga Helgadóttir Vöku varð hlutskörpust í telpnaflokki. Þorgils Kári Sigurðsson Vöku náði öðru sæti í fjölmennum strákaflökki. Jón Gunnþór Þorsteinsson keppti þar einnig en varð að hætta vegna meiðsla.

Í heild sinni var þetta mikill sigurdagur fyrir Samhygð. Glímukappar félagsins unnu fjögur verðlaun af fjórum mögulegum og sigruðu tvöfalt í skjaldarglímunum en það hefur ekki áður gerst. Þetta er ávöxtur af góðu starfi Stefáns Geirssonar sem stjórnar glímuæfingum í Félagslundu. Að loknu móti bauð glímuráð HSK viðstöddum til veislu í Menntaskólanum og þar var meðal annars rifjuð upp saga skjaldarglímunnar síðustu 100 árin.

Jón M. Ívarsson

## Deildarfundur

### Sláturfélags Suðurlands 2010

fyrir Gaulverjabæjardeild, Árborgardeild, Hraungerðisdeild, Villin-  
gaholtsdeild, Grímsnesdeild, Þingvalla- og Grafningsdeild og  
Ölfusdeild verður haldinn þriðjudaginn 2. mars kl. 21:00 í matsal  
Sláturfélagsins á Selfossi. Félagsmenn eru hvattir til að mæta og  
taka þátt í starfsemi félagsins.

Stjórnin

## Aðalfundur Skógræktarfélags Hraungerðishrepps

Aðalfundur Skógræktarfélags Hraungerðishrepps verður haldinn í Þing-  
borg miðvikudagskvöldið 17. mars n.k. Hefst hann klukkan 20:30. Dag-  
skrá er venjuleg aðalfundarstörf, kosning stjórnar og fræðsluerindi sem  
Böðvar Guðmundsson frá Skógræktarfélagi Árnesinga, mun halda.  
Kaffiveitingar.

Hafi fólk einhverjar spurningar eða upplýsingar sem það vill koma á  
framfæri við stjórn Skógræktarfélagsins er því velkomið að senda línu á  
netfangið [lambastadir@emax.is](mailto:lambastadir@emax.is).

Þeir félagar sem óska eftir plöntum hafi samband við Jón Ólafsson í  
síma 482-1923 sem fyrst.

Stjórnin

**31. Flóhlaup Umf. Samhygðar verður haldið 10. apríl.  
Hlaupið er frá Félagslundu.**



*Skoðum gömul þrjónablöð*

Þrjónakvöld

Hvenær : *Fimmtudaginn 26. mars,*

Hvar : *Gaulverjaskóla, Kl 20.00*

## „Skáld og skúffuskáld“

Bókasafn Árborgar á Selfossi og Stokkseyri hafa undanfarin ár verið í samstarfi við Sundhöll Selfoss og Sundlaugina á Stokkseyri um verkefnið „Ljóð í lauginni“ eða „Lesið í lauginni“ um Páskana 2010. Ljóð eða örsögur hafa verið plöstuð og komið fyrir í heitu pottunum gestum til ánægju og yndisauka.

Í ár eru skáld og skúffuskáld hvött til að senda ljóð eða örsögur (hámark A-4 bls.) til bókasafnanna og þar með til notkunar í sundlaugunum í Árborg yfir Páskana.

Skáld sendi inn ljóð eða örsögur með nafni, heimilisfangi og síma eða undir dulnefni, en þó verður rétt nafn að koma fram í lokuðu umslagi en verður ekki birt opinberlega.

Vinsamlegast sendið fyrir 15. mars ljóð eða örsögur til bokasafn@arborg.is eða bokstokk@arborg.is eða með pósti til Bókasafns Árborgar, Selfossi, Austurvegi 2, 800 Selfoss, merkt „Lesið í lauginni“

Með kveðju  
starfsfólk

Bókasafn Árborgar,

Selfossi, Stokkseyri, Eyrarbakka  
100 ára 1909-2009

<http://bokasafn.arborg.is>

## **Varmadætur-----Kynning Í Gaulverjaskóla**

**Laugardaginn 13. Mars 2010 kl: 13.30**

Eigendur Kyndingar ehf og fulltrúi frá Orkusetri segja frá og svara spurningum .

Veitingar í boði Kyndingar ehf og Gaulverja ehf

Ath. Kynningin verður í matsalnum á bak við skólann (smíðastofunni)  
Oddný og Gestur



## **Glímufréttir**

### **Úrslit af Grunnskólamáti HSK**

Grunnskólamót HSK var haldið í Reykholti í Biskupstungum miðvikudaginn 3. febrúar. Okkar fólk stóð sig með þryði og urðu úrslit þeirra eftirfarandi:

6. bekkur stráka 13 keppendur

Þorgils Kári Sigurðsson 1. sæti Grunnskólameistari HSK

Jón Gunnþór Þorsteinsson 5.-8. sæti

6. bekkur stúlkna 6 keppendur

Hanna Kristín Ólafsdóttir 3. sæti.

7. bekkur stúlkna 8 keppendur

Guðrún Inga Helgadóttir 1. sæti Grunnskólameistari HSK

Helga Leifsdóttir 4. sæti

9. bekkur stúlkna 9 keppendur

Marín Laufey Davíðsdóttir 1. sæti Grunnskólameistari HSK

### **Bikarglíma Samhygðar**

Verður haldinn á æfingartíma í Félagslundi mánudagskvöldið 22. mars kl. 20:00. Æfingahópur vetrarins fær þá að spreyta sig sín á milli. Áhorfendur og fylgismenn eru velkomnir að hvetja sitt fólk og fylgjast með.

### **Önnur mót framundan**

10.apríl 2010: Glímuhús Ármanns ( Skellur) Reykjavík

Grunnskólamót Íslands

Sveitaglíma 16 ára og yngri (Bikarmeistaramót)

Öldungamót GLÍ

10.apríl Kl 17:00 Íþróttahús kennaraháskólans

Íslandsglíman nr100

24.apríl 2010: Glímuhús Ármanns ( Skellur) Reykjavík

Sveitaglíma 16 ára og eldri

Lokahóf Glímusambands Íslands

## **Flóðgáttin**

Gísli Halldórsson í Króki liggur ekki liði sínu þegar hann ssá að Flóðgáttin stóð á þurru eins og gerðist í síðasta tölublaði og leggur þættinum til fimm stökur sem eru sprottnar af tveimur yrkisefnum.

### **Vond kaup**

Ég í hljómdisk fleygði fé,  
fyllist því af trega.  
Mikið getur – gasið Me –  
gaulað ámótlega.

Gaulverja í gamlan hrepp  
gaulið kom til skila.  
Fyrir eyrun legg ég lepp  
ef læt þann diskinn spila.

### **Hestamennska**

Hrossin á kerrum keyra  
kappar og framhjá skriða.  
Þeim finnst það mikið meira  
magnað, en þeim að riða.

Á fjórhjólum sumir fara  
framhjá, í hópum reka  
taumlausan truntuskara:  
Tárin af hvörmum leka


Einstaka asnakjálki  
er þó í gömlum skorðum.  
Veginn á jagast jálki  
jafnt eins og djákninn forðum

Flóðgáttin stendur opin sem fyrr yrkisefnum sveitunga.  
Umsjónarmaður er Stefán Geirsson, netfang:  
stegeir@hotmail.com, sími 8676907.

## **Hurðalausnir ehf**

og þér standa allar dyr  
Opnar. Bílskúrs og  
Iðnaðarhurðþjónusta.  
Uppsetning viðhald og  
viðgerðir. Reynsla og  
góð þjónusta.  
hurðalausnir@gmail.com

Magnús Vignir sími  
894-2380



**Tökum að okkur allar gerðir mannvirkja.**

**Nýsmíði, viðhald, breytingar.**

**Erum með traktors- og beltagröfu.**

**Kríutangi ehf**

**Vorsabæ**

**Stefán Helgason Húsasmíðameistari**

**S:893-4933**

### **Hey til sölu**

Höfum hey til sölu. Áhugasamir hafi samband í síma 899-5494.  
Ágúst Ingi á Brúnastöðum

### **Týndur köttur**

Hefur einhver séð dökkan kött með hvítar loppur og  
rauða hálsól.

Silja Rún sími. 6947934

## Dagskrá mánaðarins

Glímuæfing	1. mars
Deildarfundur SS	2. mars
Íþróttæfing 5.-7. bekkur	2. mars
Íþróttæfing 8. bekkur og eldri	3. mars
Æfing yngri	3. mars.
Íbúafundur um skólamál	4. mars
Þjóðaratkvæðagreiðsla	6. mars
Messa í Gaulverjabæjarkirkju	7. mars
Glímuæfing	8. mars
Íþróttæfing 5.-7. bekkur	9. mars
Íþróttæfing 8. bekkur og eldri	10. mars
Æfing yngri	10. mars.
Nýtt framboð—Fundur í Þingborg	10. mars
Skautuferð Umf. Vöku	11. mars
Fræðslukvöld um matjurtaræktun í Þjórsárveri	11. mars
Héraðsþing HSK í Þingborg	13. mars
Innanfélagsmót Umf. Vöku	13. mars
Menningarferð Hrossaræktarfélags Hraungerðishr.	13. mars
Kynning á varmadælum	13. mars
Aðalfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps	14. mars
Glímuæfing	15. mars
Íþróttæfing 5.-7. bekkur	16. mars
Íþróttæfing 8. bekkur og eldri	17. mars
Æfing yngri	17. mars.
Aðalfundur Skógræktarfélags Hraungerðishrepps	17. mars
Bikarglíma Samhygðar	22. mars
Íþróttæfing 5.-7. bekkur	23. mars
Íþróttæfing 8. bekkur og eldri	24. mars
Æfing yngri	24. mars.
Aðalfundur Flóakorns ehf.	24. mars
Aðalfundur Hrossaræktardeildar Villingaholtshrepps	25. mars
Þrjónakvöld í Gaulverjaskóla	26. mars
Páskabingó Umf. Vöku	3. apríl
Flóahlaup Samhygðar	10. apríl